



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 5. október 2023
nr. erindis 2310004 KJ

Á 64. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 4. október 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um Tröllaskagagöng

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 29. september 2023 þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. 48. mál.

Byggðarráð Skagafjarðar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að innviðaráðherra verði falið að hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akureyrarbær hafa á undanförunum misserum lagt þunga áherslu á að hagkvæmni og samfélagsleg áhrif með tilkomu Tröllaskagaganga verði könnuð til hins ítrasta. Sveitarfélögin sendu m.a. áskorun til stjórnvalda í febrúar árið 2019, þess efnis að þau fjármagni grunnrannsóknir og samanburð á kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsókna á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum slíkra ganga. Fyrirfram er ljóst að með tilkomu Tröllaskagaganga myndi vinnusóknarsvæði á Mið-Norðurlandi stækka verulega og þjóðhagsleg og samfélagsleg áhrif yrðu mikil. Samgöngubót sem þessi myndi styrkja Mið-Norðurland verulega sem raunverulegan valkost við höfuðborgarsvæðið og styrkja svæðið á margháttða vegu. Eru þá ótalin öryggissjónarmiðin en þau hafa endurspeglast vel í vetur í þeirri tíðu lokun vega sem verið hefur á Mið-Norðurlandi.

Nefna má að í skýrslu Háskólans á Akureyri frá því sumarið 2022 eru skoðaðir 3 kostir í Tröllaskagagöngnum og fá Skíðadalsgöng, úr Hörgárdal til Skíðadals og þaðan áfram til Kolbeinsdals, bestu einkunnina. Við þau stýttist leiðin á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 17,3 km, leiðin á milli Akureyrar og Sauðárkróks, stærstu bæja Norðurlands, um 39,6 km og á milli Sauðárkróks og Dalvíkur um 53,7 km. Reiknuð er út jákvæð arðsemi af göngunum, þau talin henta mjög vel til gjaldtöku, tenging myndi opnast verulega á milli svæða þar sem lítil samskipti eru í dag og segja skýrsluhöfundar að göngin „lágmarki vegalengdir og „dragi“ bæina á Norðurlandi eins mikið saman og hægt er. Þau myndu því hámarka breytingar á samskiptum.“ Skýrsluhöfundar segja einnig að „líkleg áhrif með hliðsjón af opinberum markmiðum á sviði byggðaðróunar yrðu mjög jákvæð.“ Með tilkomu Tröllaskagaganga yrði því unnt að tryggja mun betur samgöngur á milli stærstu þéttbýlisstaða á Mið-Norðurlandi, auka öryggi vegfarenda, bæta öryggi þeirra sem þurfa á



heilbrigðisþjónustu að halda, styrkja samfélögin á svæðinu, stækka vinnusóknarsvæði, efla ferðaþjónustu og svona mætti lengi halda áfram. Öll teikn eru á lofti um að hér sé um að ræða einhverja þjóðhagslega hagkvæmustu samgöngubót sem hægt er að ráðast í á landsbyggðinni og því afar brýnt að nú þegar verði hafin vinna við rannsóknir, frumhönnun og útreikninga á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri
 Sveitarfélagið
Skagafjörður